

2. Breyting á deiliskipulagi í Ásum, Hraunsholti í Garðabæ við Klettás 19-23.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 19-23 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítillaga í SV-horni lóðarinnar og bílastæði færast til.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 13. mars 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í viðauka II, sbr. reglugerðir nr. 779 23. desember 1998 og nr. 917 30. desember 1999, orðist svo:

Til 30. september 2001 er heimilt að skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirkni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamatí allra húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.